

M-11/2017. Álit 14. júlí 2017.

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 14. júlí 2017 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-11/2017.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 14. febrúar 2017 bað X, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á farsíma af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi segir farsímamann gallaðan og krefst úrbóta.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Þann 16. febrúar 2017 sendi kærunefndin bréf til álitsbeiðanda sem var svohljóðandi:

„Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa hefur móttengið beiðni þína um álit. Þar sem síminn er ekki í þinni eigu og þú ert að senda inn beiðni fyrir annan aðila, þarft þú að hafa skriflegt umboð frá þeim aðila til að svara í málinu eða hún sendir sjálf inn álitsbeiðni (á sínu nafni).

Með beiðninni þurfa að fylgja gögn sem sanna og styðja málið. Hjá ykkur vantar kvittun fyrir kaupum á símanum og tölvupóstssamskipti við Símann hf. eða verkstæði séu þau til.“

Kærunefndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi og hefur álitsbeiðandi ekki haft samband við hana á annan hátt. Kærunefndin álitur því óhjákvæmilegt að vísa beiðni álitsbeiðanda frá nefndinni með heimild í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Kærunefndin tekur fram að þrátt fyrir að álitsbeiðninni hafi verið vísað frá getur eigandi farsímans sent kærunefndinni nýja beiðni um álit og skulu þau gögn fylgja henni sem óskað var eftir í bréfi nefndarinnar þann 16. febrúar 2017.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kærunefndin óstarfhæf sökum þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu verið skipaðir til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson